

Minningarsýning Guðmundar Einarssonar frá Miðdal

„Allur góður skáldskapur stendur föstum rótum í veruleikanum, en er kryddaður með rómantík". — Svo kvað Gröndal.

Þessi sígildu spekiorð eiga við um hvaða listgrein sem er. Ég minntist þeirra í gær, er ég athugaði verk Guðmundar Einarssonar, sem nú eru sýnd á Kjarvalsstöðum.

Þarna blasir við glampandi rómantík, sprottin úr óendanlegum blæbrigðum íslenzkrar náttúru. Guðmundur þekkti auðnir öræfanna jafnt og byggðu bólin og það á öllum árstíðum. Hann var hámenntaður og vel gefinn listamaður og náði tröllatökum á verkefnunum. Tilviljanakennt er hér ekkert. Hann veit hverju sinni hvað hann ætlar að gera og það gerir hann með öruggum huga og hendi. Stundum er hann loftkenndur, silkimjúkur. Hitt veifið blýþungur, dulúðugur og draumkenndur. Líka getur hann verið harður og hrottalegur. Alls staðar hefur hann þó fasta jörð undir fótum, álftahjón við heiðartjörn, skarfar á skerjum og rjúpur við frerans rönd, Skjaldbreiður í næturdrunga, logandi sólris o.s.frv.

Þarna eru því sem næst að jöfnu olíu- og vatnslitamyndir. Oft málar hann vatnslitamyndir í óvenjulega stóru „formati" og stundum með þyngri litum en talið er að vatnslitum henti. Þó fer ekki illa á því.

Þá komum við að eirstungunum og teikningunum. Af þeim er hér töluvert safn. Guðmundur fékkst fyrstur íslendinga við eirstungur og enn bera stungur hans hæst á voru landi. Tæknilega eru þær vel gerðar, því að hann var góður teiknari, en á þeim slóðum nýtur sín hvergi hans gjósandi rómantíska skapgerð.

Hér er smávegis sýnishorn af myndhöggvaralist Guðmundar og leikkeragerð. Þar um er óþarft að fjölyrða, það sem hvert mannsbarn þekkir. Þó skal þess getið, að á einum stað á sýningunni stendur forkunnarfagurt risaker. Svo sem kunnugt er hóf Guðmundur fyrstur manna leirkeragerð hér á landi, og á því sviði var hann mikilvirkur sem annars staðar.

Guðmundur var mikill ferða- og fjallamaður — náttúrubarn af lífi og sál. Það var ekki aðeins heimalandið, sem hann þekkti hátt og lágt. Fyrir utan þessi svonefndu menningarlönd, sem við heimsækjum, þekkti hann Grænland og Lappabyggðir í Finnlandi, svo sem sjá má á sýningunni. Hann var mjög handgenginn Löppum og er þó talið örðugt að komast í náin kynni við þá. En fyrir hispurslausri ljúfmennsku standast engar harðlæstar hurðir.

Guðmundur var prýðilega ritfær og sagði skemmtilega frá. Sem starfsbróðir var hann traustur og ljúfur og gaman var að vera með honum á laxveiðum.

Þeir voru vinir Ásgeir forseti og Guðmundur frá Miðdal. Þar mátti sjá tvo glæsta.

Ásgeir Bjarnþórsson.

FRÍMERKJA SAFNARINN

PHILATELIC PRESS CLUB.

Stærstu samtök þeirra er starfa við að skrifa um frímerki eru vafalítið bandarískt klúbburinn The Philatelic Press Club, að undanskildum alþjóðasamtökunum A.I.J.P.

Árlega veitir þessi klúbbur einhverri póststjórn sérstaka viðurkenningu fyrir hvernig hún vinnur með þeim, sem skrifa um frímerki og býr að söfnurum þeim er skipta við hana.

Árið 1973 hlaut sænska póststjórnin þessa viðurkenningu, sem er veglegur silfurskjöldur á tréplötu, með áletrun, sem gerir grein fyrir hvers vegna viðkomandi póststjórn hefir hlotið skjöldinn og er þetta áletrunin sem er á skildi þeim er Svíar fengu:

„Sænska póststjórnin hefir verið valin, sem vinnandi viðurkenningar Philatelic Press Club árið 1973. Þessi verðlaun eru veitt árlega þeirri ríkisstjórn, sem álitin er hafa veitt sérstaklega góða þjónustu og samvinnu þeim, er atvinnu hafa af að skrifa um frímerki og frímerkjasöfnun. Er þetta í fimmta sinn er evrópsk þjóð er þannig heiðruð.

Svíþjóð var eitt af fyrstu löndum, er stofnaði sérstaka frímerkjasölu fyrir safnara og skrifstofu fyrir almenn viðskipti við þá, er um þau mál skrifa og hefir í mörg ár dreift upplýsingum um nýjar útgáfur og póstþjónustu. Þetta innifaldi ekki aðeins upplýsingar um tæknileg atriði um frímerkin, teiknara þeirra, gröft og framleiðsluaðferðir, en einnig upplýsingar um uppruna myndanna, sem notaðar voru, til að auðvelda frímerkjaþáttum að gefa lesendum sínum beztu mögulegar upplýsingar.

Einnig er tekið til athugunar hversu góð þjónusta er veitt af frímerkjasölunni við innlenda og erlenda safnara og kaupmenn, sem skipta við hana.

Sérstaklega mikilvægt er hvernig Svíþjóð notar ágóðann, sem verður af frímerkjasölunni til að hvetja til söfnunar sem virðulegrar tómstundaiðju og menntandi. Í mörg ár hafa þessir sjóðir aukið umsvif og rekstur Póstminjasafnsins og frímerkjasafns þess í Stokkhólmi, eins hins bezta sem til er í dag. Það sem meira er um vert, — þeir hafa einnig runnið til rannsókna og sérfræðinga með útgáfu bóka, sem eru sérhæfðar á þessu sviði. Þar sem þessar útgáfur eru styrktar, er hægt að selja þær almenningi á enn lægra verði, en væru þær eingöngu gefnar út á verzlunargrundvelli.

Við að taka endanlega ákvörðun á ári hverju, hefir nefnd atvinnumanna tekið sér þrjá mánuði til að athuga úrklippur úr heimspressunni um frímerki áður en vinnandi er valinn. Dómnefndin 1973 var undir formennsku Charles Hahn, frímerkjanýjungaritstjóra Chicago blaðsins „Sun-Times".

Þetta eru aðalatriðin úr því sem segir á skildi hinna snæsku frænda okkar og svo birtum við mynd skjaldarins.

Hvenær hlýtur Ísland slíkan skjöld?

Sigurður H. Þorsteinsson.



